

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 85/1985. **Sveinn Skúlason**

(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

Lífeyrissjóðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Hann krefst þess, að viðurkennt verði að hann eigi áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983 með þeim réttindum og skyldum sem slíkri aðild fylgja. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara að hann verði sýknaður að svo stöddu og málskostnaður verði felldur niður.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara að áfrýjandi hafi ekki þurft að leggja mál þetta í úrskurð fjármálaráðuneytis samkvæmt lokaákvæði 2. greinar laga nr. 55/1980 áður en hann bar það undir dómstóla og enn fremur að 2. mgr. 17. greinar laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hafi ekki fallið úr gildi við gildistöku fyrrnefndra laga nr. 55/1980.

Ákvæði 2. mgr. 17. greinar laga nr. 29/1963 var upphaflega lögtekið með 2. mgr. 16. greinar laga nr. 101/1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þeim lögum var sérstaklega ætlað að tryggja starfsmönnum ríkisins lífeyri, en með 4. grein þeirra var þó veitt sérstök heimild til að taka aðra nánar tiltekna menn í tölu sjóðfélaga. Hefur sú heimild haldist, en nokkuð breytt, við síðari breytingar og endurskoðun laganna. Meðal þeirra sem nú geta átt aðild að lífeyrissjóðnum eru starfsmenn nokkurra einkaaðila, meðal

annars Starfsmannafélags ríkisstofnana, sbr. lög nr. 23/1967, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980.

Samkvæmt 2. grein ráðningarsamnings áfrýjanda hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana var hann ráðinn um óákveðinn tíma en gert ráð fyrir að ráðning stæði ekki skemmri tíma en tvö ár nema samkomulag yrði um annað. Verður að skilja þetta svo að áfrýjandi hafi verið ráðinn til tveggja ára en eftir það hafi hvor aðili um sig mátt slíta ráðningarsamningnum að undangenginni uppsögn með hæfilegum fyrirvara. Verður hvorki talið að tilvísun 8. greinar ráðningarsamningsins til laga nr. 38/1954 hafi þrengt heimild vinnuveitanda áfrýjanda samkvæmt 2. gr. samningsins til að segja honum upp störfum, hvort sem annar maður var ráðinn í hans stað eða ekki, né að samningsákvæði þetta hafi veitt áfrýjanda sérstaka ástæðu til að ætla að starf hans hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, sem er einkaaðili, væri stofnað til varanlegrar frambúðar eins og að jafnaði gerist um stöður hjá ríkinu. Þykir uppsögn áfrýjanda úr starfi sínu, sem fram fór með samkomulagi við hann, ekki verða jafnað til þess er staða opinbers starfsmanns hefur verið lögð niður og hann eiga sjálfkrafa rétt til áframhaldandi aðildar að Lífeyris-sjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt 2. mgr. 17. greinar laga nr. 29/1963 skýrðri eftir undirstöðurökum sínum. Ber af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og
Sigurgeirs Jónssonar.**

Áfrýjandi hefur ekki beint málsókn sinni að Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Hins vegar ritaði lögmaður áfrýjanda félaginu bréf dagsett 14. júní 1984. Bréfið ber yfirskriftina: „Tilkynning samkvæmt 52. gr. l. 85/1936.“ Í bréfinu segir m.a.: „Á hendur Starfsmannafélagi ríkisstofnana eru engar kröfur gerðar og varðar málið

því ekki hagsmuni félagsins. Það er hins vegar eðlilegt að félaginu sé kunnugt um málarekstur þennan og því sendist hér með stefna og önnur sóknarskjöl ásamt framlögðum skjölum lögmanns stefnda. ... og getur félagið þá með meðalgöngustefnu eða öðrum hætti, ef fyrirvarsmenn þess telja ástæðu til, gerst aðili að málinu.“ Bréfið var lagt fram í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur 24. september 1984. Þá mætti lögmaður félagsins og lýsti yfir, „að félagið sjái ekki ástæðu til að meðalgöngustefna sér inn í málið.

Í greinargerð, sem lögmaður áfrýjanda lagði fyrir Hæstarétt, segir m.a. svo: „Ef kröfur áfrýjanda yrðu teknar til greina ... kæmi það í hlut lögfræðiskrifstofu áfrýjanda að greiða framlag atvinnurekanda í málinu, þannig að engar kröfur eru gerðar á Starfsmannafélag ríkisstofnana í því efni ... Spurningunni um það, hvort Starfsmannafélagi ríkisstofnana sé skylt að greiða verðtryggingu á lífeyri áfrýjanda síðar meir, verður ekki svarað í þessu máli. Áfrýjandi er ekki aðili að þeirri kröfu. Hann er ekki aðili að gagnkvæmum samningum milli stefnda og Starfsmannafélags ríkisstofnana ...“ Í þessu sambandi vitnaði lögmaðurinn til bréfs Starfsmannafélags ríkisstofnana dags. 14. mars 1979 til stefnda, en efni þess er svolhljóðandi:

„Á fundi stjórnar Starfsmannafélags ríkisstofnana var samþykkt yfirlýsing þess efnis, að félagið tæki á sig ábyrgð gagnvart Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, vegna greiðslu hækkana á lífeyri, sbr. 25. gr. laga sjóðsins, fyrir þá starfsmenn félagsins, er væntanlega koma til með að njóta lífeyrsgreiðslna úr sjóðnum.“

Eigi er um það deilt í málinu, að áfrýjandi hafi, á meðan hann var starfsmaður Starfsmannafélags ríkisstofnana, verið fullgildur sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 29/1963. Staða hans var lögð niður. Ekki verður fallist á með stefnda að starfsamningur áfrýjanda eða samningur hans um starfslok hafi verið með þeim hætti, að réttur hans til að vera áfram í sjóðnum svo sem fyrir er mælt í fortakslausu ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, hafi fallið niður, þegar hann lét af störfum. Viðurkenna ber því áframhaldandi aðild áfrýjanda að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983. Í máli þessu er hins vegar ekki um það dæmt, hvort eða að hve miklu leyti Starfsmannafélag ríkisstofnana beri að greiða verðbætur á lífeyri áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 30.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Sveinn Skúlason, skal eiga rétt á áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983.

Stefndi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, greiði áfrýjanda, 30.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar 1985, er höfðað með stefnu sem birt var 16. febrúar 1984 af Sveini Skúlasyni héraðsdómslögmanni, nnr. 8762-7691, Flókagötu 67, Reykjavík, gegn Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nnr. 6088-9406, Laugavegi 114, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi réttarins að stefnandi eigi áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983 með þeim réttindum og skyldum sem slíkri aðild fylgja og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá áskildi stefnandi sér rétt til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum og málsástæðum sínum svo, að hann hafi með ráðningarsamningi dags. 11. september 1981, sem gildi frá 1. apríl s.á., verið ráðinn til starfa um óákveðinn tíma hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Við málflutning túlkaði stefnandi þetta svo að hann hafi verið ráðinn ótímabundið. Sem starfsmaður þess félags átti hann aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en hann hafi þá þegar átt umtalsverð réttindi í sjóðnum vegna undangenginna starfa sinna í þjónustu ríkisins öðru hverju allt frá 1972. Hinn 30. desember 1982 hafi staða hans hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana verið lögð niður frá og með 1. janúar 1983. Hafi hann þegið biðlaun hjá félaginu allt fram til 1. júlí 1983 og fengið greitt orlof fyrir júlímánuð. Fyrri hluta árs 1983 hóf hann starfrækslu eigin lögmannsstofu. Er biðlaunatíma og orlofi hans hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana lauk hugðist hann sinna brynni lagaskyldu og vera áfram aðili að lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður lögmannna — starfsstéttar hans — var lagður niður hinn 25.

mars 1983. Hugðist hann þá neyta réttar síns til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Taldi hann sig eiga ótvíræðan rétt til þessa þar sem staða hans hefði verið lögð niður. Sendi hann bréf til sjóðsins dags. 30. júní 1983 þar sem hann tilkynnti áframhaldandi aðild sína að sjóðnum. Við því bréfi barst ekkert svar og sendi hann því hinn 28. október 1983 skilagrein og greiðslur vegna ágúst, september og okóber. Viðbrögð sjóðsins hafi verið þau að honum hafi verið synjað um áframhaldandi aðild. Þessu kvaðst hann hafa mótmælt enda séu umtalsverðir hagsmunir í húfi fyrir hann bæði að því er varði lánsfjárhæðir til sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og maka.

Kröfu sína styður stefnandi þessum lagarökum: Skyldu til aðildar að lífeyrissjóði við 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrissréttinda. Rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Bendir hann á að þrátt fyrir niðurlagsákvæði 2. gr. laga nr. 55/1980 eigi fjármálaráðherra ekki úrskurðarvald um ágreining þennan og vísar í því sambandi til HRD LII-1150.

Málskostnaðarkröfu sína kveðst hann styðja við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 184. gr. s.l. að því er varðar framlagningu málskostnaðarreiknings.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi rökum:

Með lögum nr. 55/1980 hafi öllum þeim sem vinna fyrir tekjum verið gert rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Nái ákvæði þetta jafnt til launþega sem til þeirra er stundi sjálfstæða starfsemi eða atvinnurekstur. Rök bendi til þess að 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 hafi verið felld niður með tilkomu þessara laga. Ekki verði betur séð en að fyrrverandi ríkisstarfsmönnum, er mátt hafa sæta því að staða þeirra væri lögð niður, sé nú gert að greiða til lífeyrissjóðs þeirrar starfsstéttar sem þeir tilheyra í sínu nýja starfi. Sýni athugasemdir með frumvarpi til laga nr. 55/1980, einkum varðandi 3. gr., að áhersla sé lögð á að menn eigi aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfshóps sé þess nokkur kostur. Hér gildi það að yngri lög gangi framur eldri lögum. Þessi málsástæða stefnda er rakin hér eins og hún var sett fram breytt við flutning málsins skv. bókun um leiðréttingu á greinargerð stefnda. Stefnandi mótmælti þessum lagarökum og taldi að þá hefði eins mátt telja ákvæðið niður fallið með lögum nr. 9/1974 forvera laga 55/1980. Í 3. og 4. gr. laga 55/1980 sé vísað til reglna einstakra sjóða um sjóðsaðild og um valfrelsi manna sem ekki eiga sér sjálfsagða aðild að lífeyrisjóði. Sé 2. mgr. 17. gr. dæmi um reglu um sjóðsaðild. Stefnandi starfi nú sem héraðsdómslögmaður í Reykjavík. Fyrir liggi í málinu að Lífeyrissjóður lögmannna hefur verið lagður niður. Lögmenn munu að miklum meirihluta eiga aðild

að Lífeyrisjóði verslunarmanna en einnig nokkrir að Söfnunarsjóði lífeyrissréttinda. Þessir sjóðir séu því ótvírætt lífeyrissjóðir umræddrar starfstéttar. Ekkert liggi fyrir um að stefnandi hafi óskað aðildar að þeim sem honum virðist þó rétt og skylt að gera. Svo sem nafn sjóðsins bendi til hafi Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins upphaflega eingöngu verið ætlaður ríkisstarfsmönnum. Síðar hafi starfsmönnum ýmissa annarra aðila, s.s. stéttarfélaga ríkisstarfsamanna og mörgum öðrum verið veitt aðild skv. sérstöku heimildarákvæði í 4. gr. laganna.

Verði ekki á ofangreind rök fallist um að 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 sé niður fallin, þá vill stefndi halda því fram, að ákvæðið geti ekki átt við aðra en ríkisstarfsmenn. Beri hér að hafa í huga að þetta ákvæði hafi komið inn í lögina á meðan Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins var einn fárra lífeyrissjóða í landinu. Aðild að þessum lífeyrissjóði var og er nátengd ráðningarkörum þeirra almennt. Hugtakið „staða“ sé nátengt hinni varanlegu tilvist opinbers valds í landinu og um leið þeim sérstöku réttindum, sem ríkisstarfsmönnum, sem þrátt fyrir það höfðu mátt sæta niðurlagningu stöðu sinnar, var ætlað að njóta. Ekki sé um „stöðu“ í þessum skilningi að ræða hjá öðrum en opinberum aðilum. Beri að túlka ákvæði 2. mgr. 17. gr. með hliðsjón af þeim grundvallarmun sem þarna sé á. Geti þetta reyndar átt við fleiri ákvæði laganna.

Lífeyrir skv. lögum nr. 29/1963 sé verðtryggður. Að því er ríkisstarfsmenn varði beri vinnuveitandinn, ríkið, ábyrgð á verðtryggingunni. Vinnuveitendur annarra sjóðfélaga en ríkisstarfsmanna beri sams konar skyldur gagnvart sínum starfsmönnum. Slíkt sé jafnan gert að skilyrði fyrir viðtöku slíkra aðila í sjóðinn. Fyrir liggi í málinu að Starfsmannafélag ríkisstofnana neiti greiðslu verðtryggingar að því er stefnanda varðar. Við málflutning bar stefndi enn fremur fram þá málsástæðu að stefnandi hefði ekki gert kröfu um áframhaldandi ábyrgð starfsmannafélagsins vegna aðildar hans að lífeyrissjóðnum í samningum þessara aðila um starfslok hans, hann hefði engar frekari kröfur gert beinar eða óbeinar. Stefndi bendir á að óeðlilegt verði að teljast að Starfsmannafélaginu skuli ekki vera stefnt til varnar í máli þessu við hlið stefnda þar sem félagið geti augljóslega átt hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins. Ef litid verði svo á að stefnandi eigi kröfu til aðildar að sjóðnum er því haldið fram að sú aðild geti ekki orðið með öðru móti en því, að hann beri sjálfur verðtrygginguna. Ekkert liggi fyrir í málinu um það hvort stefnandi sé reiðubúinn til sjóðsaðildar með þeim hætti. Sé varakrafa byggð á þessari forsendu.

Niðurstaða.

Um það hefur verið deilt við flutning máls þessa hvort vísa bæri því frá

dómi ex officio en engin frávisunarkrafa hefur komið fram. Álitæfnið er hvort 2. gr. i.f. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eigi við um mál þetta þannig að vísa beri úrlausnarefni þess til fjármálaráðherra en ekki til dómstólanna. Ákvæðið hljóðar svo: „Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli.“ Það er álit dómsins að ákvæði þetta leiði ekki til frávisunar málsins ex officio. Ágreiningsefnið er ekki það hvort stefnandi skuli greiða lífeyrissjóðsiðgjald sitt til einhvers tiltekins lífeyrissjóðs. Ekki heldur það hvort Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sé lífeyrissjóður starfsstéttar stefnanda, þ.e. lögmanna. Ljóst er að svo er ekki. Deilan snýst um það hvort stefnandi hafi áunnið sér sérstakan lögbundinn rétt, sbr. 2. mgr. 17. gr laga nr. 29/1963 til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með samningi við vinnuveitanda sinn og á grundvelli þess með hvaða hætti starfslok hans verða hjá þeim vinnuveitanda.

Dómurinn telur að megingilgangur laga nr. 55/1980 sé að tryggja almenna skylduáðild launþega og þeirra sem stunda sjálfstaða starfsemi að lífeyrissjóði, og jafnframt þá meginreglu að lífeyrisþegi skuli eiga aðild að lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 verður að líta á sem sérreglu um sjóðsaðild, sem ætlað sé að tryggja hag launþega við sérstakar aðstæður. Verður ekki á það fallist með stefnda að regla þessi sé ósamrýmanleg tilgangi og anda hinna almennu laga að því marki að hún verði talin fallin úr gildi án þess að löggjafinn hafi gert það berum orðum. Það hefur hann ekki gert. Þykir aðili, sem ekki á sjálfsagða aðild að tilteknum lífeyrissjóði, því geta leitað sjóðsaðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skv. henni.

Deilt er um það í máli þessu hvort þannig sé ástætt um stefnanda. Stefnandi er starfandi lögmaður með sjálfstæðan rekstur. Upplýst er að Lífeyrissjóður lögmanna var lagður niður 25. mars 1983 eða á því tímabili sem leið frá því að stefnandi hætti störfum hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og þar til launagreiðslum lauk til hans vegna þess starfs. Jafnframt er upplýst að til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda greiða nú um það bil 30 lögmenn sem starfa við sjálfstæðan atvinnurekstur og um 70 lögmenn greiða að jafnaði til Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Af hálfu stefnda var það staðhæft við málflutning að síðasttaldi sjóðurinn teldi sig vera lífeyrissjóð lögmanna en ekki liggur fyrir í málinu nein staðfesting þessa frá sjóðnum sjálfum eða frekari rökstuðningur. Ekki er upplýst hvar aðrir lögmenn eru í lífeyrissjóði. Því þykir ekki með þessu í ljós leitt að einhver einn lífeyrissjóður sé augljóslega lífeyrissjóður starfsstéttarinnar lögmenn þar sem stefnanda

verði gert að fullnægja tryggingaskyldu sinni og standi í vegi fyrir því að honum verði veitt aðild að öðrum líðfeyrissjóði en hinum tveimur ofangreindu.

Það er óumdeilt að starfsmönnum Starfsmannafélags ríkisstofnana hefur verið veitt aðild að Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og að stefnandi máls þessa var aðili að sjóðnum á meðan hann var í starfi hjá starfsmannafélaginu, sbr. 4. gr. laga nr. 29/1963. Það er stjórn sjóðsins sem tekur ákvörðun um aðild skv. 4. gr. og þykir ljóst að slíkar ákvarðanir varða ekki einstaka starfsmenn heldur hópa starfsmanna þeirra aðila, sem lagaákvæði þetta tiltekur. Ekki verður litið svo á að þeir sem öðlast hafa aðild að lífeyrissjóðnum samkvæmt 4. gr. hafi á einhvern hátt minni rétt en sjóðfélagar skv. 3. gr. s.l. Þar sem löggjafinn hefur ekki gert þann fyrirvara að 2. mgr. 17. gr. laganna taki ekki til sjóðfélaga skv. 4. gr. verður að líta svo á að þeir gætu unnið rétt til sjóðsaðildar samkvæmt henni.

Þar sem orðalag 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 er fortakslaust: „Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður“ verður ekki á það fallist með stefnda, þrátt fyrir sögulegan adraganda ákvæðisins, að það verði túlkað þannig að það taki aðeins til ríkisstarfsmanna. Hins vegar verður um túlkun á því hvenær um „niðurfellingu stöðu“ er að ræða að líta til túlkunar dómstóla og fræðimanna í stjórnarfrarsrétti. Jafnframt verður við úrlausn þessa máls að hafa í huga að um túlkun á samningi milli einkaaðila er að ræða. Þau ákvæði ráðningarsamningsins sem máli skipta eru 2. og 8. gr. Í 2. gr. segir að stefnandi sé ráðinn „um óákveðinn tíma, en gert er ráð fyrir því að ráðning standi eigi skemmri tíma en tvö ár, nema samkomulag verði um annað“ og samkvæmt 8. gr. skyldi fara um réttindi og skyldur starfsmannsins eftir lögum nr. 38/1954 „að því leyti sem ekki er á annan hátt mælt fyrir í ráðningarsamningi þessum“, sbr. dskj. nr. 3. Varðandi starfslokin hefur stefnandi lagt fram þrjú skjöl, sbr. dskj. 4, 5 og 6: yfirlýsingu þar sem segir að stjórn SFR og stefnandi séu sammála um það að hann „leggi niður störf“ hjá félaginu, uppgjör vegna „niðulagningar starfs Sveins Skúlasonar“, þar sem segir m.a. að þar sem starf hans hafi verið „lagt niður“ verði uppgjóri við hann hagað þannig að honum verði greidd föst mánaðarlaun miðað við 6 mánuði auk launa fyrir sjöunda mánuðinn sem teljist fullnaðaruppgjör á orlofi. Einnig er á skjali þessu yfirlýsing stefnanda svohljóðandi: „Samþykktur framangreindu uppgjóri og lýsi því yfir að ég tel mig ekki eiga frekari kröfur á hendur félaginu.“ Loks er á þriðja skjalinu svohljóðandi yfirlýsing: „Stjórn SFR samþykkir að leggja niður starfa Sveins Skúlasonar lögfræðings hjá félaginu frá 1. janúar 1983.“ Öll eru þessi skjöl dagsett samá dag 30. des. 1982. Það verður að teljast ljóst af gögnum málsins að staða sú er stefnandi gegndi var lögð niður í þeim skilningi að hætt var þeirri þjónustu við félagsmenn, sem í

henni fólst, og annar aðili var ekki ráðinn í stað stefnanda. Dómurinn lítur hinsvegar svo á að hugtakið „óákveðinn tími“ í ráðningarsamningi stefnanda verði skv. almennri málnotkun ekki túlkað þannig að það þýði það sama og „ótímabundið“ eins og stefnandi heldur fram. Fyrirnefnda hugtakinu fylgir mun meiri óvissa og þykir vísa til þess, að búast megi við að starfi ljúki hvenær sem er. Er þessi skilningur í samræmi við þá fullyrðingu vitnisins Einars Ólafssonar að stofnað hafi verið til starfs stefnanda í tilraunaskyni.

Það er niðurstaða dómsins með tilvísun til ráðningarsamningsins og í ljósi þess að hér var um nýtt starf að ræða er stefnandi tók við því að stefnandi hafi ekki mátt treysta því að um framtíðarstarf væri að ræða og þar sem einnig er sannað að samkomulag verður um starfslok hans samkvæmt ráðningarsamningnum, þá þykir hann ekki geta byggt rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á því að starf hans hafi verið lagt niður í skilningi 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Með tilvísun til forsendna dómsins og þess hversu sakarefninu er háttað þykir rétt að láta málskostnað falla niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dóminn kvað upp Hjördis Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Skúlasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.